



Borgarráð

Tillaga um niðurfellingu á yfirfærslu fjárheimilda ársins 2022 til ársins 2023

Lagt er til borgarráð samþykki að yfirfærsla fjárheimilda vegna ársins 2022 yfir á árið 2023 verði felld niður.

Greinargerð:

Í Reglum Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar FMS-STE-001 er skv. grein 3.4 gert ráð fyrir að heimilt sé að flytja rekstrarafgang á sviði/stofnun á milli ára ef hann má rekja með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar. Með góðri fjármálastjórnun er m.a. átt við árangursríkrar endurskipulagningar á vinnu og verkefnum stofnunar sem leiðir til hagkvæmari reksturs án þess að skerða áformaða þjónustu. Einnig er vísað til hagkvæmari innkaupa sem lækka verð á aðkeyptri vöru og/eða þjónustu án þess að skerða áformaða þjónustu. Hlutaðeigandi stjórnandi þarf að sýna fram á að afgangurinn stafi af góðri fjármálastjórnun. Forsenda færslu afgangss er að stofnun veiti alla áformaða lögbundna þjónustu og vinni samkvæmt þeim þjónustustöðlum sem fylgja ber. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að afgangur sé færður ef hann er rakinn til ytri áhrifa, s.s. stjórnvaldsaðgerða, minni eftirspurnar eftir þjónustu en áætlað var t.d. vegna færri barna sem sækja skóla eða frístundaúrræði en áætlað var, ákvörðun um að hætta við eða fresta þjónustu, mannekle eða þjónustufalls. Með sama hætti er í reglunum gert ráð fyrir að rekstrarhalli á sviði/stofnun færist milli ára ef hann verður ekki beinlínis rakinn til óhagstæðra ytri áhrifa. Ef árlutauppgjör stefnir í slíka niðurstöðu ber stjórnanda stofnunar að skila sviðsstjóra tillögum um viðbrögð sem tryggja að starfsemin haldist innan fjárheimilda ársins. Sama regla gildir um sviðsstjóra gagnvart borgarráði varðandi fjárhag sviða. Ef framúrkeyrsla á sér stað tvo samliggjandi ársfjórðunga án þess að aðgerðir skili árangri ber viðkomandi sviðsstjóri ábyrgð á því að greina ástæður þess og eftir atvikum að veittur sé nauðsynlegur stuðningur innan viðkomandi starfsemi eða stofnana til að úr verði bætt. Sviðsstjórar skilgreina verklag í þessu efni. Jafnframt ber að gera borgarráði grein fyrir ástæðunum og þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til með greinargerð. Borgarráð getur fallist á að halli flytjist ekki milli ára ef ytri aðstæður eða sérstök atvik koma til sem borgarráð metur gild. Borgarstjóri getur einnig ákveðið að fjármála- og áhættustýringarsvið komi að greiningu eða gerð aðgerðaráætlana varðandi fjárhag einstakra sviða eða hluta þeirra gangi áætlanir ekki eftir. Yfirferð og afgreiðsla á flutningi afgangss og halla skal skv. reglunum framkvæmd þegar uppgjör ársins liggur fyrir. Farið skal yfir rekstrarniðurstöður í hverri stofnun/sviði miðað við ofangreindar forsendur. Að lokinni þeirri vinnu gerir sviðsstjóri tillögu til borgarstjóra um að breytingar á fjárheimildum, þ.e. færslu afgangss/halla stofnana, ásamt tillögu um ráðstöfun afgangss á hverri stofnun og greinargerð stjórnanda hvernig þeir hyggjast vinna hallann niður. Að því búnu leggur borgarstjóri fyrir borgarráð tillögu um viðauka vegna fjárhagsáætlunar vegna færslu og ráðstöfunar afgangss og tillögu um viðauka vegna færslu halla. Niðurstöður rekstrar málaflokka í Aðalsjóði og Eignasjóði var með eftirfarandi hætti árið 2022.



Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.462	1.445	16	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	4.382	4.355	27	1%
Íþróttá- og tómstundasvið	10.392	10.344	48	0%
Menningar- og ferðamálasvið	6.248	6.201	47	1%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	375	375	0	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	1.860	1.943	-82	-4%
Skóla- og frístundasvið	69.483	67.603	1.881	3%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	13.067	12.396	671	5%
Velferðarsvið án bundinna liða	35.823	34.380	1.443	4%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.196	4.443	-247	-6%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	3.052	3.050	2	0%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	4.056	2.517	1.538	61%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	5.467	2.700	2.767	102%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	159.864	151.752	8.112	5%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga				
Eignaskrifstofa	-17.511	-17.752	241	-1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu ES	-4.485	-4.668	184	-4%
Umhverfis- og skipulagssvið Eignalsjóðs	3.428	3.440	-11	0%
Málaflokkar Eignasjóðs samtals	-18.568	-18.981	414	-2%

Umtalsverðar vendingar voru í ytra efnahagsumhverfi Reykjavíkurborgar á árinu 2022. Í upphafi árs 2022 reið yfir enn ein COVID-19 bylgjan þegar nýtt afbrigði veirunnar náði hámarki í janúar og febrúar. Bylgjan fól í sér tímabundið álag á rekstur borgarinnar, einkum á sviði skóla- og velferðarmála og hjá Strætó bs. Viðsnúningur varð á vinnumarkaði þar sem atvinnuleysi hjaðnaði hratt og varð lægra en fyrir faraldurinn. Stríðið í Úkraínu auk kórónuveirunnar leiddi til skorts á hrávöru og viðvarandi vandamála í aðfangakeðjum. Áhrifin voru mikil á hagkerfi heimsins og verðbólga jókst hratt í öllum helstu viðskiptalöndum Íslands á síðasta ári. Vegna verðhækkana á húsnæðismarkaði, hárrar verðbólgu og þenslu í hagkerfinu hækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti jafnt og þétt á árinu 2022. Stýrivextir voru 6% í lok ársins og höfðu hækkað um 4% frá því í ársbyrjun þegar þeir stóðu í 2%. Þessi staða setti svip sinn á rekstur borgarinnar og uppgjör á árinu 2022. Reykjavíkurborg greip til ráðstafana í byrjun september 2022 og samþykkti í borgarráði aðgerðir til að takast á við halla í rekstri og önnur áhrif erfiðra skilyrða í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar. Brugðist var við með samdrætti í fjárfestingum og dregið úr lántökupörf. Gjaldskrár voru leiðréttar í ljósi aukinnar verðbólgu. Þá voru settar samræmdar reglur um ráðningar til að gæta aðhalds á því sviði. Í ljósi þeirrar aðstæðna sem fagsvið borgarinnar stóðu frammi fyrir í rekstri á árinu 2022 og stóðu A-hluta í heild er ekki forsvaranlegt að leggja mat á flutning afgangs eða halla með hliðsjón af grein 3.4 í reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar og er því lagt til að flutningur verði felldur niður að þessu sinni.